

## Héraðsnefndarfundur 9. apríl 2015

### Annus horribilis

Skólaárið 2014 – 2015 hefur verið Tónlistarskóla Árnésinga erfitt. Þó veturinn hafi farið af stað með hefðbundnu móti var önnin rofin með sex vikna verkfalli tónlistarkennara í FT (fjórir FÍH kennarar kenndu áfram). Nýnemar liðu sérstaklega fyrir áhrif verkfallsins þar sem þeir höfðu ekki náð valdi á nýju hljóðfæri þegar það skall á og þurftu því í raun að byrja frá byrjun að því loknu. Þegar kennsla fór aftur í gang lögðum við alla okkar orku og metnað í að æfa jólalög með nemendum okkar og gefa þeim tækifæri til að leika þau á tónleikum eða úti í samfélaginu.

**Verkfallið** heldur áfram að hafa áhrif á vetrarstarfið.

- Nokkrir nemendur ná ekki að ljúka prófum í vor sem að öðrum kosti hefði verið raunhæft takmark. Áfanga- og stigspróf verða því talsvert færri en á venjulegu vori.
- Þá hurfu nokkrir nemendur frá námi eftir verkfall.

**Önnur atriði** hafa líka haft áhrif á starf skólans í vetur.

- Eitt er sú staðreynd að stéttarfélög tónlistarskólakennara geta ekki unnið saman. Af þeim sökum sitjum við nú uppi með tvo kjarasamninga fyrir kennarana sem flækir launaútreikninga.
- Langtíma veikindi kennara hafa sett svip á vorönnina, en afleysingar leystust farsællega.
- Kennari sem ráðinn var til starfa í Þorlákshöfn hætti við á elleftu stundu í haust svo skólastjóri þurfti að hlaupa undir bagga og bjarga þeirri kennslu til áramóta. Aðstoðarskólastjóri fékk þar með verkefni skólastjóra að hluta til í fangið til viðbótar öðrum verkefnum. Kennarinn kom til starfa um áramót og létti það róður skólastjórnenda.
- Þá þurfti að endurgreiða skólagjöld vegna þess tíma sem kennsla lá niðri í verkfallinu. Það þýðir að halli er á skólagjaldalið fjárhagsársins auk þess sem talsverður tími fór í útreikninga og endurgreiðslurnar.
- Loks hefur veðurfarið strítt okkur frá byrjun desember og haft þau áhrif að fella hefur þurft niður eða fresta tónleikum/viðburðum. Kennslu hefur þurft að fella niður í stöku tilfellum þar sem kennarar hafa ekki komist til starfa t.d. vegna óveðurs og ófærðar á Hellsheiði. Forföll hjá nemendum hafa af sömu sökum verið tíðari en ella.

Eitt atriði veldur okkur **áhyggjum** þó áhrifa sé ekki farið að gæta enn. Það er sú umræða sem fram fer í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um greiðslur vegna nemenda í framhaldsnámi og miðnámi í söng. „Samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms“ milli MMR og sveitarfélaga frá maí 2011 hefur ekki verið endurnýjað. Þess í stað muni einn tónlistarskóli í Reykjavík (sameinaður Tónlsk. FÍH/Tónlsk. í Rvík) sinna nemendum á framhaldsstigi og ríkið greiða aðeins til hans.

Þessar hugmyndir eru ekki komnar til framkvæmda, en margar spurningar vakna:

- Hver er framtíð nemenda í framhaldsnámi í Tónlistarskóla Árnesinga ef af verður?
- Reynir ríkið þarna að losna við vandamál í Reykjavík (sem eitt sveitarfélag ákvað að túlka samkomulagið á annan hátt en önnur sveitarfélög á landinu), án þess að hugsa til blómlegs starfs tónlistarskóla utan Höfuðborgarinnar?
- Er það besta og faglegasta leiðin varðandi framhaldsnámið að búa til tvöfalt kerfi þar sem ríkið borgar framhaldsnámið í Reykjavík, en sveitarfélögin úti á landi?

## EN SAMT.

Þó ýmis vandamál hafi lagst á veturinn, hafa nemendur og kennarar unnið mjög vel í vetur og árangurinn mikill þrátt fyrir allt.

Haldnir voru sjö frábærir **deildatónleikar** í febrúar. Á þessum tónleikum komu fram yfir 270 nemendur í hljómsveitum og samspilshópum skólans auk einleikara og einsöngvara.

**Eldri strengjasveit** tónlistarskólans hélt tvönnu fjáröflunartónleika vegna fyrirhugaðrar skólaheimsóknar til Póllands í sumar. Fékk strengjasveitin til liðs við sig Hveragerðishljóm-sveitina, sem er skipuð fjölbreyttum hljóðfærum, auk nokkurra viðbótar blásara og söngvara. Úr þessu varð mjög fjölbreytt og skemmtileg dagskrá undir stjórn Guðmundar Kristmundssonar.

Margrét S. Stefánsdóttir ýtti úr vör nýjung í vetur sem er **söngnámskeið fyrir unga nemendur** (10 – 11 ára) í Hveragerði. Þessu skemmtilega tilraunaverkefni lauk með stórskemmtilegum tónleikum í Listasafni Árnesinga 25. mars sl. Vonandi nær þetta verkefni að stækka og hægt að bjóða það á fleiri kennslustöðum.

Tónlistarskóli Árnesinga heldur upp á **60 ára afmæli skólans** í ár með tónleikum og opnu húsi laugard. **18. apríl**. Dagskrá fer fram á sex stöðum í sýslunni, þ.e. Selfossi, Þorlákshöfn, Hveragerði, Flúðum (uppsveitir), Flóaskóla og Stokkseyri (ströndin). Við stefnum á að allir nemendur skólans komi fram á þessum merkilegu tímamótum. Það væri gaman að sjá sem flesta koma og sjá það metnaðarfulla og góða starf sem fram fer innan skólans.

**Þrjú nemendur ljúka framhaldsprófi** á hljóðfæri í vor. Það eru Matthildur María Guðmundsdóttir á píanó, Bergþóra Rúnarsdóttir á fiðlu og Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir á trompet. Allir munu þeir halda opinbera tónleika í maí, en nánari upplýsingar um stund og stað birtast á heimsíðu skólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is) þegar nær dregur.

**Skólaslit** verða með hefðbundnu sniði á kennslustöðum í lok maí. Þegar öll skólaslit hafa verið tímasett birtast þau á heimasíðu skólans.

Enn og aftur langar mig að þakka sveitarstjórnarmönnum fyrir stuðning við starf tónlistarskólans.

Með von um „Annus Mirabiles“ á næsta skólaári.

Róbert A. Darling, skólastjóri